

Föstudaginn 17. nóvember 1961.

Nr. 172/1960. Þorvaldur Einarsson

(Gísli G. Ísleifsson hrl.)

gegn

Auðunni Þórðarsyni (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaupkrafa sjómanns.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. september s. á. Krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 1818.82 án vaxta, málskostnaður í héraði verði látinn niður falla og stefnda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Telja verður, að samkvæmt ákvæðum kjarasamnings þess, sem aðiljar voru við bundnir og lýst er í héraðsdómi, hafi stefnda borið 1½ hlutur nefnt tímabil og að ákvæðin um kauptryggingu hafi einnig tekið til handfæraveiða þeirra, sem um var að tefla. Ber því að staðfesta héraðsdóminn, enda sætti sú örlitla hækkun frá stefnukröfu í héraði, sem stefndi hafði uppi á síðara stigi málsins og héraðsdómur tók til greina, engum andmælum þar, og hér fyrir dómi hefur því verið lýst af hálfu áfrýjanda, að hann samþykki, að krafa þessi komist að.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorvaldur Einarsson, greiði stefnda, Auðunni Þórðarsyni, kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Neskaupstaðar 11. júní 1960.**

Mál þetta, sem dómtekið var þ. 8. júní s.l., er af stefnanda, Auðunni Þórðarsyni, sjómanni í Neskaupstað, höfðað gegn stefnda, Þorvaldi Einarssyni útgerðarmanni, Neskaupstað, með stefnu, birtri þ. 13. janúar s.l., til heimtu eftirstöðva af hlutatryggingu á v/b Birni, NK 33, á tímabilinu 28. febrúar til 1. júlí 1959, ca kr. 14.400.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu. Krafizt er og viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Birni, NK 33, til tryggingar dæmdum fjárhæðum. Loks krefst stefnandi þess, að stefndi leggi fram uppgjör yfir viðskipti aðilja.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var skráður vélstjóri á v/b Björn, NK 33, eign stefnda, sem samkvæmt skipaskrá er 16 rúmllestir brúttó að stærð frá 28. febrúar til 1. júlí 1959. Voru stundaðar handfæraveiðar á bátnum þetta tímabil. Samkvæmt reikningi, sem stefndi lagði fram í dóminum, hefur úttekt stefnanda numið alls kr. 17.076.00, en honum er aðeins færður til tekna  $1\frac{1}{4}$  hásetahlutur, miðað við afla bátsins, en það gerir með 6% orlofsfé kr. 18.894.82.

Það er óumdeilt, að stefnandi var vélstjóri á bátnum nefnt tímabil, og er af stefnda hálfu engum viðbárum hreyft í tilefni af starfi hans né stöðu. Hins vegar telur stefndi, að ekki beri að greiða hlutatryggingu til sjómanna á handfæraveiðum og að vélstjóra beri á slíkum veiðum aðeins  $1\frac{1}{4}$  hásetahlutur.

Staðhæfingu sína um hlut vélstjóra byggir hann á nokkrum vottorðum um, hvaða venja hafi verið í þessum efnum. Ekki verður talið, að slík venja, þótt færðar séu líkur fyrir tilvist hennar, hnekki ákvæðum samnings, sem gerður er milli sjómanna og útgerðarmanna. Enda liggur fyrir í málinu vottorð formanns samninganefndar útgerðarmanna um, að ákvæði um aukahlut vélstjóra gildi á öllum veiðum, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Kaupgjaldssamningur var gerður um áramót 1958—1959, og skyldi hann gilda til ársloka 1959, og framlengjast eftir vissum reglum. Samningurinn er milli Verklýðsfélags Norðfirðinga og vélstjórafélagsins Gerpis annars vegar og Útvegsmannafélags Norðfirðinga hins vegar, og er í formála talinn vera um kaup og kjör hlutarmanna.

Í 1. gr. er að mestu fjallað um línuveiði, en í 2 síðustu málsgreinunum um kjör vélstjóra, þar segir: „1. vélstjóri skal hafa 1½ hlut háseta.“

Með tilliti til vottorðs formanns samninganefndar útgerðarmanna og þess, að hvergi annars staðar er getið um vélstjóra í samningnum, verður að telja, að nefnd hlutarhæð eigi við vélstjóra á öllum veiðum, sem hlutaskipti eru lögð til grundvallar kaupgreiðslu, sbr. formála samningsins.

Vélstjóra á v/b Birni, NK 33, ber því 1½ hásetahlutur nefnt tímabil.

Sama gildir um kauptryggingu. Ákvæði um hana eru í 2. gr. samningsins, og segir þar, að kauptrygging háseta sé kr. 2.900.00 á hverja 30 daga auk verðlagsuppbótar frá 1/1—31/5, en kr. 2.700.00 frá 1/6 til 31/12 auk verðlagsuppbótar. Enn fremur að vélstjórar hafi samsvarandi hærri tryggingu en háseti og þeir hafi hærri hlut. Kauptrygging vélstjóra er því kr. 2.900.00 plús 50% = kr. 4.350.00 plús verðlagsuppbót 75% (kaupgjaldsvísitala 175) eða kr. 7.612.50 fyrir hvern hinna þriggja mánaða, marz, apríl og maí, en kr. 2.700.00 plús 50% = kr. 4.050.00 plús 75% eða kr. 7.087.50 fyrir júnímánuð. Alls er þetta kr. 29.925.00 fyrir allan tímann, sem stefnandi var vélstjóri á v/b Birni, NK 33. Á þetta ber að greiða 6% orlofsfé, eða kr. 1.795.50. Kauptrygging og orlofsfé, sem stefnanda ber fyrir tímabilið, er því alls kr. 31.720.50. Af hans hálfu er úttekt hans samkvæmt framlögðum reikningi viðurkennd rétt kr. 17.076.00. Innstæða hans verður því kr. 14.644.50, og þá upphæð ber að dæma stefnda til að greiða honum. Stefndi hefur lagt fram umkrafinn reikning.

- I. Eftir kröfu stefnanda ber að dæma stefnda til að greiða honum 7% ársvexti af höfuðstól dómkröfunnar frá 1. júlí 1959 til greiðsludags.
- II. Eftir úrslitum málsins ber stefnanda málskostnaður úr hendi stefnda. Lagður hefur verið fram reikningur um kr. 400.00 í „málskostnað“ af hálfu stefnanda, en í stefnu er krafizt „málskostnaðar að skaðlausu“. Það virðist því auðsætt, að túlka beri orðið „málskostnað“ á reikningnum sem „málflutningsþóknun“ og dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ. e. auk málflutningsþóknunar, kr. 400.00, beinan útlagðan kostnað, sem er stefnubirting, kr. 21.00, og fyrirtekt máls, kr. 100.00, alls kr. 521.00.
- III. Þá ber samkvæmt 236. gr., 2. tl., siglingalaga nr. 56/1914 að

viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í vélbátnum Birni, NK 33, til tryggingar tildæmdum kröfum.

Dóm þenna kváðu upp Axel V. Tulinius bæjarfógeti og sjó- og verzlunardómsmennirnir Ármann Eiríksson og Sveinbjörn Á. Sveinsson.

#### Dómsorð:

Stefndi, Þorvaldur Einarsson, greiði stefnanda, Auðunni Þórðarsyni, kr. 14.644.50 auk 7% ársvaxta frá 1. júlí 1959 til greiðsludags og kr. 521.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í v/b Birni, NK 33, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 14 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. nóvember 1961.

Nr. 83/1961. **Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs**  
(Jón Skaftason hrl.)

gegn

**Bernharði Hjartarsyni og gagnsök**  
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1961. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á dómkröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður í héraði og hér fyrir dómi verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. júní 1961. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 491.600.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12.